

Ólafur Þróstur Stefánsson
Múlavegur 9
660 Skútustaðarhreppur

Reykjavík 9. ágúst 2019
UST201906-085/F.P.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda- Vogar í Mývatnssveit

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ólafs Þrastar Stefánssonar, dags. 11. júní 2019, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð með lögum nr. 97/2004. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Í 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu segir að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Framkvæmdin felst í gerð nýrrar heimreiðar frá Stekkholti/Lyngkholti í Vogum Mývatnssveit að lóð L228079 Þúfa. Í umsókn umsækjanda kemur fram að við ákvörðun um legu heimreiðarinnar hafi þrír kostir verið skoðaðir; A, B og C:

Leið A: Frá þegar röskuðu landi liggur hún yfir gróið hraun til suðurs upp í lág á milli tveggja kamba og eftir henni til austurs að lóðarmörum. Allt er þetta innan 200 m svæðisins og heildarlengd að bílastæði norðan við byggingarreit er 220 m. Þar af eru 152 metrar yfir hraun. Þessi kostur var talin sístur þar sem hann liggur nær allur innan 200 m. svæðisins, mikið rask yrði á hrauni og hætta á snjósöfnun í láginni töluverð. Kostnaður við að fleiga lagnaskurð yrði mjög hár.

Leið B: Frá þegar röskuðu landi liggur hún til suðurs yfir gróið hraun og beygir til austurs í gegnum þrónga lág á milli tveggja kamba og að bílastæði. Hún er sömuleiðis að mestu innan 200 m. svæðisins og heildarlengd 190 m. Þar af eru 100 m. í gegnum hraun. Þessi kostur var talin næstbestur, styttri en leið A en ekki valin með sömu rökum og á við um leið A.

Leið C: Liggur fyrst til suðurs sömu leið og A og B en beygir til austurs eftir röskuðu landi og að hraunjaðri. Frá hraunjaðri tekur vegurinn stefnu í suðaustur um 30 metra yfir gróið hraun að 200 m. línu eins og sjá má á meðfylgjandi loftmynd og tveimur ljósmyndum sem eru fylgigögn með umsókn um framkvæmdarleyfi. Frá 200 m línu liggur leiðin til suðurs að bílastæði í gegnum gróið hraun. Alls er þessi leið um 190 m og eru 90 metrar í gegnum hraun. Þessi leið varð fyrir valinu. Þar réðu mestu eftirfarandi þættir: Styrt vegalengd í gegnum hraunið. Minnst rask innan 200 metra línu. Minnst rask vegna lagnaskurðar. Minnst hætta á snjósöfnun. Lægstur kostnaður við lagningu vegarins.

Samkvæmt upplýsingum umsækjanda var einboðið að leiðin innan verndarsvæðisins færí sem mest um þegar raskað land og hafi því leið C komið best út úr matinu. Lengd vegkaflans innan verndarsvæðisins er 130 metrar. Þar af fari 100 metrar um þegar raskað land sem var brotið til ræktunar árið 1983 og 30 metrar fara um gróið hraun innan verndarsvæðisins. Leiðir A og B voru metnar síðri en þar var vegurinn innan verndarsvæðis lengri og meira rask á hrauni.

Samkvæmt upplýsingum umsækjanda yrði heimreiðin gerð úr blágrýtismöl og vegaxlir klæddar grasi þar sem vegur fer um áður raskað land en í hrauninu yrðu þær klæddar grónum hraunsteinum og mosa sem tekin yrðu úr vegstæðinu. Áformuð veghæð væri að jafnaði 30 cm og var þess gætt við hönnun vegarins að hann raski sem minnst viðkvæmu landslagi, gróðri og ásýnd í landi. Á áður röskuðu landi myndi móturn lands ráða legu vegarins til að minnka snjósöfnun. Eins þyrfti minna efni til að byggja veginn upp þar sem hann lægi eftir hrygg í landslaginu. Þá þyrfti ekki að fleyga lagnaskurð í hraunið nema að litlu leyti. Að verkinu kæmu 1-5 manns á vörubíl, hjólagröfú og víbravaltara.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Pingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (NM) og Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) þann 11. júní sl. vegna framkvæmdarinnar.

Umsögn Náttúrurannsóknarstöðvarinnar barst þann 19. júní sl. Í umsögninni kemur fram að NM gerir ekki athugasemdir við lagningu vegar að umræddri lóð. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við íbúðarhúsið á þá leið að með því að íbúðarhúsi sé leyft að hreykja sér ofan á viðkvæmu landslaginu, eins og hér virðist stefna í, væri verið að breyta um stefnu í skipulagsmálum í nágrenni Mývatns. Síðustu áratugi hafi þess jafnan verið gætt að ný íbúðarhús séu höfð í hæversku samhengi við landslagið.

Umsögn NÍ barst þann 21. júní sl. Í umsögn NÍ kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemdir við lagningu vegar að lóð Þúfu, svo fremi sem lóð Þúfu verði ekki inni í hrauninu eins og sýnt var í þeim gögnum sem fylgdu málinu þegar það var sent stofnuninni til umsagnar. NÍ gerir aftur á móti athugasemdir við gögn málsins og telur þau ekki fullnægjandi, sbr. tilvísun í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Ekki sé boðlegt að leggja málið fram í bútum. Það þurfir að liggja fyrir um hvað er verið að veita umsögn þ.e. hvar lóð Þúfu er staðsett og hvar þá hugsanlegt er að hafa heimreiðina að lóðinni. Mat NÍ er að ekki sé hægt að veita leyfi fyrir veg/heimreið ef ekki sé til staðar leyfi fyrir þeirri lóð sem umrædd heimreið á að liggja að. Það að NÍ telji að heimreið á fyrirhuguðu svæði hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki verndarsvæðis Mývatns og Laxár sé ekki næg forsenda til þess að veita leyfi fyrir heimreiðinni ef vegurinn kemur til með að liggja inn á lóð sem staðsett er í hrauninu og því hluti af því að raska jarðmyndunum/eldhrauni af óþarfa. Framkvæmdin er því að mati stofnunarinnar hvorki í samræmi við lög um vernd Mývatns og Laxár né 61. gr. laga um náttúruvernd. NÍ telur því að ekki eigi að veita leyfi fyrir heimreið eða staðsetningu lóðar fyrr en deiliskipulagsferli er lokið.

Áhrifamat:

Heimreiðin sem sótt er um leyfi fyrir myndi liggja frá annarri heimreið sem liggur frá Mývatnsvegi að öðru húsi, sem stendur nokkur hundruð metrum frá fyrirhuguðu íbúðarhúsi. Skútustaðahreppur hyggst veita byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsínu, þangað sem hin nýja

heimreið á að liggja. Staðsetning hússins er utan verndarsvæðisins en er þó mjög nálægt mörkum þess.

Umhverfisstofnun veitti umsögn vegna veitingu byggingarleyfis á lóðinni Þúfu í samræmi við 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga þann 7. maí 2019. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að talið sé að svæðið sem byggingin og heimreiðin sé áformuð á sé í hrauni og í birkikjarri og því falli það undir b. lið 1. mgr. a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skv. 5. mgr. 61. gr. skal leyfisveitandi rökstyðja leyfisveitingu sérstaklega, fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila. Stofnunin fór því fram á að leyfisveitandi rökstyddi leyfisveitinguna og gerði grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hefðu verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Gera skyldi grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisæðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það ætti við. Afrit af leyfinu skyldi sent stofnuninni þegar það hefði verið gefið út.

Þann 17. júlí sl. barst framangreindur rökstuðningur frá skipulagsnefnd Skútustaðahrepps. Þar kom fram að byggingarleyfi hafi ekki verið gefið út af byggingarfulltrúa þar sem framkvæmdaraðili hafi ekki skilað inn öllum nauðsynlegum teikningum. Í bréfinu var bent á að nánast allt land sem hugsanlega nýtist sem byggingarland austan Mývatns (og víðar) sé á eldhrauni og því afar erfitt að finna hentug byggingarsvæði sem ekki raska eldhraunum sem njóta sérstakrar verndar. Framkvæmdaraðili er frá bænum Vogum 3 í Mývatnssveit og hefur hann áhuga á að byggja í þeirra landi. Eignalund Voga 3 í skiptu landi sé nánast allt eldhraun og því ekki val um annan kost en að byggja innan eldhrauns. Því samþykkir skipulagsnefnd fyrirhugaða húsbyggingu innan eldhrauns því ekki eru aðrir álitlegri kostir í boði og er hluti fyrirhugaðra framkvæmda núverandi koston að hluta til á nú þegar röskuðu landi. Samkvæmt myndum af fyrirhuguðu hússtæði og aðkomuvegi sé birki ekki ríkjandi plöntutegund í gróðurfari á umræddu landi

Eins og áður sagði, taldi Umhverfisstofnun að svæðið þar sem sótt er um að fyrirhuguð heimreið muni liggja yfir sé í hrauni og í birkikjarri og því falli það undir b. lið 1. mgr. a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skv. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er tekið fram að forðast skuli að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Eldhraun nýtur sérstakrar verndar sbr. lið a. í 2. mgr. 61. gr. lagana. Við ástandsmat landvarða er fallist á þá niðurstöðu Skútustaðahrepps að birki er ekki ríkjandi plöntutegund á fyrirhuguðum byggingareit og vegstæði heimreiðar.

Fyrirhugað íbúðarhús mun liggja alveg upp við verndarsvæðið en sótt er um leyfi til þess að heimreiðin að húsinu muni að hluta til liggja inn á verndarsvæðið. Á svæðinu í kring er eldhraun á jörðu, einnig utan verndarsvæðisins. Umsækjandi hefur lagt fram gögn sem sýna fram á að sú leið sem óskað er eftir að fara hafi í för með sér minnst rask á hrauni af þeim kostum sem skoðaðir voru vegna lagningu heimreiðarinnar innan verndarsvæðisins.

Umhverfisstofnun metur umrædda framkvæmd líklega til að hafa neikvæð sjónræn áhrif á náttúrufar svæðisins. Framkvæmdin felst í lagningu malar yfir gróið land, sem er raskað eftir landbúnað og hraun. Stofnunin telur að með þeim mótvægisæðgerðum sem taldar eru upp í umsókninni, þ.e. að klæða vegaxlir með efni úr vegstæðinu, sé hægt að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif vegna framkvæmdarinnar. Samkvæmt lið 4.12.3. í aðalskipulagi Skútustaðahrepps er tekið fram að heimilt sé að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum/bújörðum auk íbúðarhúsa sem fyrir eru í árslok 2011 og tilheyra búrekstrinum án sérmerkinga á aðalskipulagsuppdrætti. Ný hús skulu, eftir

því sem við verður komið, nýta sömu heimreið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Heimreiðin fylgir ákvæðum aðalskipulags um heimreiðir íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum í aðalskipulagi hreppsins. Samkvæmt upplýsingum Skipulagsstofnunar teljast heimreiðar ekki vegir í skilningi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdin því ekki tilkynningaskyld.

Niðurlag:

Skútustaðarhreppur hyggst samþykkja umsókn um byggingarleyfi að lóðinni L228079 og standa því líkur til þess hús verði byggt á lóðinni. Verði svo er ljóst að leggja þarf veg að húsinu. Þar sem húsbyggingin fellur utan 200 m verndarsvæðis tekur ákvörðun þessi ekki til þeirrar byggingar. Umhverfisstofnun fellst á það mat umsækjanda að valin kostur við lagningu heimreiðarinnar á þann hátt sem tilgreind er í umsókninni feli í sér minna rask á eldhrauninu í Vogum heldur en aðrir kostir. Stofnunin fellst því á að veita umbeðið leyfi.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Ólafi Presti Stefánssyni leyfi til lagningar heimreiðar að lóð L228079 þúfu í landi Voga í Mývatnssveit innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan í lok júlí eða byrjun ágúst 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólk þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis og skal afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlunar.
- Gæta skal að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt og rask lagfært.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun, skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Davíð Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
teymisstjóri